



Alþingi
Nefndasvið
v/Austurvöll
150 Reykjavík

Gunnarsholti, 09.11.2011
Tilv. 00.25
GS

Efni. Umsögn um tillögu til þingsályktunar um eflingu græna hagkerfisins á Íslandi, 7. mál.

Landgræðslu ríkisins hefur borist erindi nefndasviðs Alþingis, dags. 21.10. 2011, þar sem óskað er umsagnar stofnunarinnar á tillögu til þingsályktunar um eflingu græna hagkerfisins á Íslandi, 7. máli.

Landgræðslan gerir engar beinar efnislegar athugasemdir við þingskjalið, en bendir á að ekkert er fjallað um gróðureyðingu og jarðvegsrof sem eru með stærstu umhverfisvandamálum Íslendinga. Þanþol (e: resilience) vistkerfa gefur til kynna hversu vel þau þola rask og áföll, þ.e. hvort vistkerfi jafni sig eftir rask eða hnigni eða jafnvel eyðist varanlega. Í þurrendisvistkerfum er ástand gróðurs og jarðvegs lykilþættir hvað varðar þanþol vistkerfa. Heilbrigð vistkerfi, ástand þeirra og þanþol, eru forsenda fjölmargra þeirra atriða sem lögð er áhersla á í þingskjalinu.

Landgræðslan telur að ef grænt hagkerfi hér á landi á að verða eitthvað meira en orðin tóm, verður að gera stóráttak til að draga úr gróðureyðingu og jarðvegsrofi. Sjálfbær landnýting er í raun ekki annað en orðin tóm ef virkt jarðvegsrof er á stórum hlutum landsins og núverandi landgræðsla og skógrækt gera samanlagt ekki meira en að halda stærð gróðurlendis og ástandi jarðvegs í horfinu. Ef efnt yrði til átaks í vistheimt, gæti það skapað fjölmörg störf, jafnframt því að bæta ástand og þanþol vistkerfa landsins. Slík störf væru sannarlega virkur hluti af hinu græna hagkerfi.

Landgræðslan leggur til að tillagan verði endurskoðað á þann hátt að fjallað verði um mikilvægi uppgræðslu og vistheimtar til að ná sumum þeirra markmiða sem sett eru fram í tillögunni. Stofnunin býður fram þá ráðgjöf og aðstoð sem í hennar valdi stendur við það verk, verði þess óskað.

Virðingarfyllst,
f.h. Landgræðslu ríkisins,


Guðm. Stefánsson
sviðsstjóri